



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 18. apríl 2018 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 10.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson
Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi hjá Enor sat fundinn undir 1. lið dagskrár.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Ársreikningur 2017

Fyrir fundinum lá ársreikningur 2017 til fyrri umræðu. Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi kynnti endurskoðun á ársreikningi bæði A-hluta og samstæðu sveitarfélagsins og fór yfir helstu niðurstöður og lykiltölur. Hann kynnti einnig samanburð við fjárhagsáætlun ársins. Ársreikningi var vísað til annarrar umræðu.

2. Erindi Ferðamálafélags A-Hún, dags. 13. apríl 2018

Fyrir fundinum lá erindi Ferðamálafélags A-Hún þar sem óskað er eftir aðkomu sveitarfélagsins að rekstri upplýsingamiðstöðvar og starfi ferðamálafulltrúa Austur – Húnavatnssýslu. Í bréfinu kemur fram að önnur sveitarfélög í A-Hún hafi staðið að rekstrinum. Meðfylgjandi erindinu var fjárhagsáætlun 2018, samantekt um störf ferðamálafulltrúa og upplýsingar um rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar.

Svohljóðandi bókun var samþykkt:

Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu og beinir því til stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál að rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar verði eitt af verkefnum byggðasamlagsins í ljósi þess að öll aðildarsveitarfélög verði þátttakendur í rekstrinum.

3. Fundargerð stjórnar SSNV, 6.03.2018

Fundargerðin var til kynningar.

4. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 11.30

Adolf H. Berndsen

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson